

Nr. 20-035 S 024 Maggý VE 108***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 1855
Útgerð: Narfi ehf.
Smíðaður: Gdansk Póllandi 1988 stál
Stærð: 85,5 brl. 113 bt.
Mesta lengd: 25,95 m Skráð lengd: 23,18 m
Breidd: 6,00 m Dýpt: 3,00 m
Vél: Caterpillar 459 kW 1987
Fjöldi skipverja: 7



Maggý ©Hilmar Snorrason

Gögn:

Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi þann 28. ágúst 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 6. mars 2020 var Maggý VE 108 á dragnótaveiðum NV af Vestmannaeyjum. Veður: N 8 m/s.

Skipverji var á leið aftur skipið til að taka niður voðina og undirbúa hana fyrir kast. Á leið sinni aftur eftir þurfti hann að klofa yfir belg en þá flækti hann sig í belgjabandi og féll fram fyrir sig.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn ristarbrotnaði og fékk áverka á liðbönd á vinstri fæti;
- að búið var að tína fisk sem hafði ánetjast í pokanum sem varð eftir úr fyrra kasti og hafði hann verið settur í körfur sem stóðu í gönguleið aftur á;
- að skipverjinn komst ekki eftir gangveginum vegna karfanna og klofaði því yfir belginn með vinstri fót sem var utan gönguleiðar á leið sinni aftur á og flækti þá hægri fótinn í belgjabandinu með fyrrgreindum afleiðingum;
- að aðeins var hægt að komast aftur á stjórnborðsmegin við brúna.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.